

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1607*  
*komudagur 22.3.2012*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík 22. mars 2012.

Efni: Þingskjal 863-559 mál.

Stjórn Bandalags íslenskra leigubifreiðastjóra og stjórn Bifreiðastjórafélagsins Framma fagnar öllum þeim frumvörpum sem leiða til lækkunar á eldsneyti, ef af verður þá sjáum við að ekki þurfi að koma til eins mikillar hækkunar á ökutöxtum eins hefur verið undanfarið.

F.h. BÍLS og Framma

Ástgeir Þorsteinsson formaður.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1559*  
*komudagur 19.3.2012*

Reykjavík 16. mars 2012

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Bílgreinasambandið hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð (lækkun olíugjalds og vörugjalds), 559.mál.

Stjórn Bílgreinasambandsins hefur lesið frumvarpið og fjallað um það á stjórnarfundi er haldinn var 15.mars sl. Stjórn Bílgreinasambandsins er sammála því að hér sé gríðarlega mikilvægt og þarft mál á ferðinni. Eldsneytisverð er orðið alltof þungur baggi á fjölskyldum og atvinnuvegum landsins og því verði að bregðast við.

Stjórn Bílgreinasambandsins er í öllum atriðum samþykkt þeim aðgerðum er lýst er í frumvarpi til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð.

Fh. stjórnar Bílgreinasambandsins.

Özur Lárusson  
framkvæmdastjóri  
Bílgreinahúsinu Gylfaflöt 19  
112 Reykjavík.

# Íslensk NýOrka ehf

Grensásvegi 9, P.O. Box 8192, 128 Reykjavík, Iceland  
Phone: +354-588-0310 Fax: +354-588-0315 Email: skulason@newenergy.is

---

Reykjavík, 16.03.2012

**Berist til: Nefndarsviðs alþingis**

*Alþingi  
Erindi nr. P 140/1543  
komudagur 16.3.2012*

**Umsögn um:**

**Frumvarp til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð (lækkun olíugjalds og vörugjalds), 559. mál**

Nýlega var kynnt skýrsla á Alþingi um Orkuskipti í samgöngum. Ljóst var að mikill samhugur var í þingmönnum að vinna að málinu og að orkuskipti í samgöngum gætu haft verulegan þjóðhagslegan ávinning í för með sér. Í þeirri skýrslu var lögð fram aðgerðaráætlun hvernig hægt væri að flýta fyrir slíkum orkuskiptum t.d. með opinberrum ívilnunum. Meðal annars var lagt til að VSK yrði felldur niður af bilum með engan útblástur. Einnig var þar lagt til að stofnaður yrði fjárfestingarsjóður, til uppbyggingar á innviðum fyrir visthæft innlent eldsneyti, sem fengi framlög frá því koltvísýringsgjaldi sem nú er á eldsneyti, tillagan var 1 kr af því gjaldi (af hverjum lítra) í slíkan fjárfestingarsjóð.

Það skýtur því nokkuð skökku við að stuttu eftir jákvæða umfjöllun Alþingis um málið er lögð fram tillaga um að lækka eldsneytisverð. Undirritaður átti frekar von á að sjá frumvörp sem stefna að orkuskiptum í samgöngum en ekki lækkun á jarðefnaeldsneyti. Ef slík svigrúm eru í að lækka gjöld telur undirritaður að frekar ætti að auka fjármuni til orkuskipta í samgöngum sem munu draga úr vægi og innflutningi á jarðefnaeldsneyti í framtíðinni og stuðla að bættri og aukinni nýtingu innlendra vistvænna orkugjafa.

Undirritaður telur því ofangreint mál tímaskekkju.

Ein af þeim skýringum sem gefnar eru með frumvarpinu er að hátt olíuverð geti haft áhrif á ferðamannastraum til landsins. Í samanburði við all mörg Evrópulönd er eldsneytisverð ekki hærra á Íslandi og því eru ferðamenn vanir slíku verði. Ferðamannastraumur hefur aldrei verið meiri til landsins eins og verið hefur fyrstu mánuði þessa árs og ekki hefur hátt eldsneytisverð haft áhrif á það.

Ég hvet alla þingmenn til að snúa sér frekar að einhenda sér í orkuskipti í samgöngum, nýtum okkar auðlindir á bílana og skipin. Undirritaður vonar því að frumvarpið verði ekki samþykkt.

Jón Björn Skúlason  
Framkvæmdastjóri



26. mars 2012

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

**EFNI:** Umsögn stjórnar Landverndar við frumvarp til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð (lækkun olíugjalds og vörugjalds), 559. mál.

Áhyggjur vegna áhrifa hækkandi eldsneytisverð á afkomu heimila og þjóðarhags eru eðlilegar. Stjórn Landverndar telur þó varasamt að grípa til breytinga á gjöldum og sköttum sem lækka eldsneytisverð. Flest bendir til þess að til lengri tíma litið þurfi íslenskt samfélag að búa við hátt eldsneytisverð, og aðlaga sig að því ástandi. Greinargerð Alþjóða orkumálastofnunarinnar (IEA) um framtíðarhorfur bendir til þessa, en samkvæmt henni má búast við viðvarandi hækkandi eldsneytisverði<sup>1</sup>. Það er mikilvægt að allir aðilar í samfélaginu aðlagist þessu. Það verður hinsvegar ekki gert með tímabundnum aðgerðum stjórnvalda til að færa verðið niður. Það er mikilvægara að líta til langs tíma og búa í haginn fyrir sjálfbærari samgöngur á Íslandi og nýta þann hvata sem felst í háu eldsneytisverði til þess að auka hlut umhverfisvænni samgöngumáta, bæði hvað varðar almenningssamgöngur, flutninga og einkabifreiðar.

Eitt mikilvægast viðfangsefni samtímans er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ein helsta uppspretta þeirrar losunar er brennsla á kolefnaeldsneyti (kolum, olíu og gasi). Minni notkun á þessum orkugjöfum er því bæði æskileg og nauðsynleg. Sama má segja um loftgæði á þéttbýlisstöðum sem undanfarin ár hefur oft farið yfir viðmiðunarmörk og virðast vaxandi bílasamgöngur eiga ríkan þátt í því. Tölfræðilega má sýna fram á að léleg loftgæði valda sjúkdómum og ótímabærum dauða.

Í loftslagsverkefni Landverndar<sup>2</sup> sem unnið var á árunum 2004 til 2005 var gerð ítarleg athugun á samgöngum og losun gróðurhúsalofttegunda. Greining á tölulegum göngum sýndi að 10% hækkun eldsneytisverðs leiddi til 3,4% samdráttar í eftirspurn eftir eldsneyti. Leitt var líkum að því að hluti af þessari lækkun væri vegna minni aksturs (1,4%) en hluti vegna minni

<sup>1</sup> I World Energy Outlook 2011 segir: "Short-term pressures on oil markets may be eased by slower economic growth and by the expected return of Libyan oil to the market, but trends on both the oil demand and supply sides maintain pressure on prices. We assume that the average IEA crude oil import price remains high, approaching \$120/barrel (in year-2010 dollars) in 2035 (over \$210/barrel in nominal terms) in the New Policies Scenario although, in practice, price volatility is likely to remain."

<sup>2</sup> Sjá <http://www.landvernd.is/flokkar.asp?flokkur=1169>

eldsneytisnotkunar á hvern ekinn km (2%). Þetta bendir til þess að með hækkandi eldsneytisverði aukist notkun sparneytnari bíla og að aksturslag verði vistvænna. Stjórn Landverndar telur því varasamt að vísa einhliða til þess að verðteygni eftirspurnar sé svo há sem segir í greinargerð við frumvarpið.

Svigrúm til aðlögunar í samgöngum einstaklinga og fyrirtækja getur verið umtalsvert. Það heitir hagræðing. Hærra verð hefur áhrif á aksturslag, skipulag aksturs og val á ökutæki, en þarf ekki að draga úr nauðsynlegum ferðum, hvað þá lífsgæðum. Hærra eldsneytisverð dregur úr innflutningi á dýru eldsneyti og getur stuðlað að því að aðrir (innlendir) orkukostir fyrir samgöngur verði fjárhagslega fýsilegri. Í þessu sambandi má benda á miklar framfarir við gerð rafmagnsbíla. Æskilegt er að beina endurnýjun bílaflotans í þann farveg. Hækkandi eldsneytisverð mun eiga þátt í því.

Til lengri tíma mun vaxandi notkun innlendra orkugjafa hafa mun varanlegri og jákvæðari áhrif á hagvöxt og líf skjör í landinu en tímabundin lækkun á eldsneytisverði. Það mun einnig stuðla að því að samfélagið verður betur í stakk búíð til að takast á við ytri áföll á alþjóðlegum eldsneytismörkuðum, en þau hafa verið nokkur þegar litið er til baka og valdið verulegum skakkaföllum.

Stjórn Landverndar telur því ekki skynsamlegt að gripið verði til þeirra aðgerða sem felast í frumvarpinu. Stjórnin hvetur þess í stað til að auka aðgengi að upplýsingum sem auðvelda fjölskyldum og fyrirtækjum að aðlagast hækkandi eldsneytisverði, stuðla að uppbyggingu innviða fyrir aukna notkun á rafknúnum ökutækjum og efla almenningsamgöngur og aðra valkosti við einkabíla.

Fyrir hönd Landverndar,

---

Guðmundur Ingi Guðbrandsson  
Framkvæmdastjóri Landverndar.

Alþingi  
Erindi nr. þ 140/1381  
komudagur 21.3.2012

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND  
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

  
NEYTENDASAMTÖKIN

HVERFISGÖTU 105  
101 REYKJAVÍK

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 – 10.  
150 Reykjavík

SÍMI 545 1200  
FAX 545 1212  
Netfang ns@ns.is  
www.ns.is

Reykjavík, 20. mars 2012.

**Athugasemdir við frumvarp til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð, (lækkun olíugjalds og vörugjalds), 559. mál.**

Í umsögn sinni við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, dags. 17. nóvember 2011 sögðu Neytendasamtökin m.a. eftirfarandi:

*Með 12. og 13. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Eru í 12. gr. lagðar til hækkunar á vörugjaldi af bensíni og í 13. gr. eru lagðar til hækkunar á svokölluðu bensíngjaldi. Í athugasemdum með umræddum greinum er tekið fram að hækkunin sé lægri en almenn viðmiðun við verðlagsuppsærslu krónutölugjalda og því sé í raun um lækkun að raungildi að ræða. Jafnframt er tekið fram að hlutfall vörugjalda í eldsneytisverði sé um 26,5% af útsöluverði bensíns, sem sé lágt í sögulegu samhengi. Neytendasamtökin vilja benda á að í sögulegu samhengi er heimsmarkaðsverð á eldsneyti gríðarlega hátt. Heimilin í landinu mega varla við frekari hækkunum og því telja samtökin fulla ástæðu fyrir stjórnvöld að halda að sér höndum þegar kemur að gjaldtöku sem kemur til með að hækka eldsneytisverð til neytenda.*

*Með 14. gr. frumvarpsins eru lagðar til hækkunar á olíugjaldi, sbr. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 87/2004 um olíugjald og kílómetragjald. Með sömu rökum og að framan greinir leggjast samtökin gegn þeirri tillögu... ..Allar framangreindar athugasemdir Neytendasamtakanna snúa því að því að forðast eigi af fremsta megni frekari álögur á heimilin í landinu í formi hækkaðra gjalda sem þess utan leiða til hækkana á verðtrygðum lánum vegna áhrifa á neyslúvísitölu. Hvetja samtökin því stjórnvöld til að leita annarra leiða hvað varðar ráðstafanir í ríkisfjármálum.*


Með vísan til framangreinds, svo og þeirra raka sem koma fram í greinargerð með ofangreindu frumvarpi eru samtökin því hlynnt lækkun olíu- og vörugjalda. Ljóst er að með hækkandi eldsneytisverði hafa tekjur ríkisins í formi virðisaukaskatts af eldsneyti aukist og því ætti að vera eitthvert svigrúm til lækkana á þessu sviði. Þó er ljóst að verði frumvarp þetta að lögum þarf að vera til staðar virkt eftirlit með því að lækkanirnar skili sér til neytenda, og hyggjast Neytendasamtökin leggja sitt að mörkum hvað það varðar. Að endingu vilja samtökin svo taka fram að æskilegt væri

að endurskoða fjárhæðir olíu- og vörugjalds til frambúðar, en ekki eingöngu út þetta ár eins og lagt er til hér, enda ljóst að eldsneytiskostnaður er afar stórt hlutfall neysluútgjalda flestra heimila.

Að þessu sögðu styðja Neytendasamtökin framangreint frumvarp og hvetja eindregið til samþykktar þess.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna,

  
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

  
Jóhannes Gunnarsson, formaður



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstæti 8-10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/1608**  
**komudagur 22.3.2012**

21. mars 2012

**Varðandi: Frumvarp til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð, 559. mál.**

Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samtök aðila í ferðaþjónustu, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð. Í frumvarpinu er lögð til tímabundin lækkun olíugjalds, vörugjalds og bensíngjalds.

Það hefur varla farið framhjá nokkrum að eldsneytisverð hefur hækkað gríðarlega að undanförmu. Slíkar sveiflur í eldsneytisverði geta valdið miklum skaða í atvinnulífinu. Þannig skapar hækkandi eldsneytisverð hættu á samdrætti í atvinnugreinum sem hafa verið í mikilli sókn á undanförmum árum. Má þar nefna ferðaþjónustuna sem dæmi, en mikil áhersla hefur verið lögð á að efla hana með markaðssetningu erlendis. Þá verður við núverandi aðstæður að horfa til þess að hækkandi eldsneytisverð hefur í för með sér aukinn flutningskostnað sem hlýtur óhjákvæmilega að fara út í verðlag og hafa áhrif á vöruverð og verð á þjónustu með tilheyrandi hækkun vísitölu neysliverðs.

Fulltrúar atvinnulífsins hafa um langt skeið bent á að auka þurfi hagvöxt til að leiða þjóðina út úr þeirri kreppu sem nú hefur staðið í á fjórða ár. Lítið hefur orðið úr því að skapa skilyrði fyrir auknar fjárfestingar í atvinnulífinu. Þá er, þrátt fyrir tekjuaukningu af eldsneytisgjöldum, eingöngu gert ráð fyrir að hluta tekna ríkissjóðs af sköttum á eldsneyti verði varið í vegaf framkvæmdir.

Samtökin telja að þótt olíugjald, vörugjald, kolefnisgjöld og bensíngjald séu krónutölugjöld þá verði ekki horft framhjá því að tekjur ríkisins af virðisaukaskatti aukast með hækkun eldsneytisverðs. Með tilkomu nýrra gjalda, s.s. kolefnisgjalda, hafi álögur á fyriræki verið auknar. Við núverandi aðstæður sé full ástæða fyrir stjórnvöld til að bregðast við hækkandi eldsneytisverði og með vísan til framangreinds mæla þau með því að frumvarpið verði samþykkt. Tímabundin lækkun á álögum ríkisins á eldsneyti myndi létta undir með íbúum og fyrirtækjum landsins og væri til þess fallin að slá á verðbólguþróun. Þetta mætti gera í ár án þess að grípa þyrfti til sérstakra mótvægisáðgerða í ríkisfjármálum þar sem heildartekjur ríkisins af eldsneytisnotkun eru, eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins, umfram þær tekjuforsendur sem liggja til grundvallar fjárlögum 2012.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 140/1587**  
**komudagur 21.3.2012**



Skrifstofa Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2012

**Þfni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð, 559. mál.**

Samtök ferðaþjónustunnar fagna frumvarpi til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð.

Ljóst er að miðað við núverandi verðlag á eldsneyti færi ríkissjóður um helming af lítraverði sem hefur hækkað um 25% á síðastliðnu ári o . Í lok febrúar síðastliðinn sendu SAF frá sér fréttatilkynningu þar sem skorað var á stjórnvöld að lækka álögur á eldsneyti til að létta undir með bílaúterð ferðaþjónustufyrirtækja og stuðla að auknum ferðum fólks um landið.

Hópbifreiðafyrirtækin hér á landi kaupa um 12 miljónir lítra árlega af eldsneyti og má reikna með að hækkunin á síðasta ári skili ríkissjóð um 300 miljónum miðað við óbreytt ástand. Þá er ótalið allt það eldsneyti sem afþreyingafyrirtæki nota svo sem í jeppaferðum, snjósleðaferðum, fjórhjólaferðum, bátaúterð o.fl.

Yfir háannatímann eða í um 80 daga að sumri aka bílaleigubílar um eina miljón kílómetra daglega. Miðað við meðaleyðslu upp á 10 lítra á hverja hundrað kílómetra munu tekjur ríkissjóðs aukast um 200 miljónir á þessum 80 dögum miðað við óbreytt ástand.

Ljóst er að til að mæta auknum eldsneytiskostnaði þarf að hagræða og mun sú hagræðing koma fram í minni og styttri akstri fyrirtækja og almennings sem skilar sér í lægri tekjum ríkissjóðs. Lækkun á álögum á eldsneyti er hins vegar líkleg til að örva akstur um landið og skila á endanum jafn miklum eða meiri tekjum til þjóðarbúsins

Virðingarfyllst

Samtök ferðaþjónustunnar  
Gunnar Valur Sveinsson



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 140/1606**  
**komudagur 22.3.2012**

14. mars 2012  
SI-82946

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvið@althingi.is](mailto:nefndasvið@althingi.is)  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með skeyti dags. 8. mars 2012 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð (lækkun olúgjalds og vörugjalds), 559. mál á 140. löggjafarþingi.

Efni frumvarpsins fellur ekki beinlínis undir lögbundin viðfangsefni Seðlabankans. Fjármál og afkoma ríkissjóðs eru hins vegar mikilvæg fyrir starfsemi bankans og verðbólgu markmiðið sem hann fylgir samkvæmt lögum.

Verði frumvarpið að lögum, verða króntölugjöld á bensín lækkuð um 32 kr. frá því sem nú er og á olíu um 25,6 kr. á tímabilinu apríl til desember 2012. Álagður virðisaukaskattur á hvern lítra lækkar þá líka, en í greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að eldsneytissala aukist og vegi upp að hluta tapaðar skatttekjur. Í greinargerðinni er einnig gert ráð fyrir að álagning lækki. Ekki er hins vegar augljóst að svo verði.


Það er alvarlegur galli á frumvarpinu að ekki er gerð grein fyrir áhrifum ákvæða þess á tekjur ríkissjóðs. Miðað við forsendur frumvarpsins, að lægri álagningu slepptri, verður að gera ráð fyrir að með lögfestingu þess lækki bæði tekjur ríkisins og eldsneytissala í krónum umtalsvert á tímabilinu sem frumvarpið tekur til frá því sem annars yrði.

Fyrir utan þessi áhrif á skatttekjur er vert að hafa í huga að ætla má að lækkun skatta á innflutta vöruflokka þar sem verðteygni er veruleg, komi til með að veikja viðskiptajöfnuð og skapa þrýsting á gjaldmiðilinn að öðru óbreyttu.

Skattalækkun af þessu tagi má fjármagna með a.m.k. þrennu móti: með hækkun annarra skatta, með niðurskurði útgjalda og með lántöku, þ.e.a.s. halla á ríkissjóði. Miðað við stöðu ríkissjóðs telur Seðlabankinn hallaleiðina afar óæskilega og leggst eindregið gegn því að frumvarpið verði samþykkt án raunverulegrar fjármögnunar. Það er hins vegar pólitísk ákvörðun og ekki fyrir Seðlabankann að meta hvort skynsamlegt er að hækka aðra skatta eða skera niður í öðrum verkefnum til að létta undir með bifreiðaeigendum.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

  
Þórarinn G. Pétursson  
aðalhogfræðingur

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/1589**  
**komudagur 21.3.2012**

Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

20. mars 2012

***Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð.***

SVP – Samtök verslunar og þjónustu hafa haft þungar áhyggjur af af háu eldsneytisverði og afleiðingum þess fyrir atvinnulíf, ekki síst innan verslunar og þjónustu, og fagna því fyrirbyggjandi frumvarpi til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð.

Eins og skýrt hefur komið fram í fréttum hefur olíuverð hækkað verulega á síðustu vikum, eða um 22% frá því desember sl. Á sama tíma hefur gengi íslensku krónunar veikst á mótí bandaríkjadal um tæp 6% sem aftur hækkar erlent innkaupsverð olíu. Olía er mikilvægasti orkugjafi heimsins þegar kemur að samgöngum og því leggst hátt olíuverð sérstaklega þungt á þá sem nota bifreiðar hvort sem er til einkanota eða atvinnureksturs.

Öll fyrirtæki sjá rekstrarkostnað ökutækja stórhækka sem bæði leiðir til hærri verðs og minnkandi þjónustu þar sem slíku verður við komið.

Í mörg ár hefur skattlagning á eldsneyti verið stór tekjuliður hjá ríkissjóði og skilar sá skattur verulegum fjárhæðum bæði í gegnum virðisaukaskatt og fjölmörg önnur gjöld sem lögð eru á við innflutning eða sölu. Því er brýnt að meta það heildstætt hvort núverandi fyrirkomulag á tekjuöflun ríkissjóðs sé heppilegt eða hvort að rétt sé snúa af þeirri leið að hækka sífellt útsöluverð á eldsneyti með öllum þeim neikvæðu afleiðingum sem þekktar eru.

Mikil umræða hefur einnig átt sér stað um að hátt verð á eldsneyti dragi úr ferðalögum og félagslegum lífsgæðum, það má einnig leiða líkum að því að þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðisins standi verr að vígi þar sem oft þarf að fara um langan veg að sækja þjónustu.

SVP skora á Alþingi að lögfesta lækkun á opinberum álögum á eldsneyti sem aftur myndi stuðla að auknum kaupmætti, leiða til tímabundinnar lækkunar verðbólgu og þar með auknum umsvifum í hagkerfinu.

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 140/1S80  
komudagur 21.3.2012



Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. mars 2012

Tilvísun: 2012030018

HMS/BH

Tilv. ykkar: Tölvupóstur dags. 08.03.2012.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð, 559. mál.**

Oliugjald og sérstakt vörugjald af bensíni eru markaðir tekjustofnar til vegagerðar á Íslandi. Nú er svo komið að þessir tekjustofnar ásamt kílómetragjaldi af stærri bifreiðum standa alfarið undir þeim fjárveitingum, sem Vegagerðin fær til þjónustu, viðhalds og nýframkvæmda á þjóðvegakerfinu og einnig því sem varið er til að styrkja ferjusiglingar og sérleyfisakstur og duga varla til.

Það hefur löngum verið baráttumál Vegagerðarinnar að verðgildi þessara mörkuðu tekjustofna haldi takti við almenna verðþróun í landinu, en það hefur lítt gengið eftir. Í eldri lögum um fjáröflun til vegagerðar var stuðst við byggingarvísitölu til viðmiðunar, þegar breyta átti gjaldskrár markaðra tekjustofna.

Meðfylgjandi tafla hefur að geyma nokkrar tölur um verð á eldsneyti fyrir bifreiðar, skattlagningu þess og samanburð við stöðuna 1. júlí 2005, en þá var oliugjald innleitt á Íslandi í stað þungaskatts. Í töflunni má sjá að byggingarvísitala hefur hækkað um rúm 80% á þessum tíma en sérstakt vörugjald af bensíni einungis um 19,9% og oliugjald um 33,9% þannig að ekki verður óhóflegum hækkunum á þessum gjöldum kennt um hátt bensín- eða olíuverð.

Almennt vörugjald af bensíni hefur hins vegar á sama tímabili hækkað um 163% og tekjur af virðisaukaskatti hafa hækkað um 135%, hvort tveggja langt umfram almennt verðlag. Einnig kom til sögunnar á þessu tímabili nýtt gjald sem lagt var á eldsneyti, kolefnisgjald, sem að mestu rennur í ríkissjóð.

Það er túlkun fjármálaráðuneytisins að Vegagerðin skuli einungis fjármögnuð af mörkuðum tekjustofnum, einu undantekningarnar eru að styrkir til innanlandsflugs og framlög til jarðgangaáætlunar hefur verið greitt beint úr ríkissjóði. Þessi túlkun fjármálaráðuneytisins leiddi meðal annars til þess að öll aukning í vegaframkvæmdum, sem ákveðin var af Alþingi á árunum 2007-2009, var bókfærð í ríkisreikningi sem fyrirfram ráðstöfun markaðra tekna. Vegasjóður skuldar því ríkissjóði nú yfir 14 milljarða króna. Þessi reikningsaðferð hefur m.a. verið gagnrýnd af Ríkisendurskoðun.

Lagafrumvarp þetta leggur til verulega lækkun  $\frac{3}{4}$  hluta ársins 2012 á mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar, sérstaka vörugjaldinu af bensíni og oliugjaldinu. Þetta myndi þýða 5 – 6 milljarða skerðingu á mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar á árinu 2012.

Þar eð nokkuð ljóst virðist að ekki er tilækt fjármagn hjá ríkissjóði til að bæta þessa skerðingu þyrfti í framhaldinu að skerða Vegáætlun 2012 um þriðjung, annars mun skuld Vegasjóðs vegna fyrirframráðstöfunar markaðra tekna einfaldlega hækka og stefna í 20 milljarða.

Eins og áður hefur verið bent á eru það virðisaukaskattur af eldsneyti og almennt vörugjald af bensíni, sem hafa hækkað mest og langt umfram almennt verðlag á undanförunum árum. Ef vilji er til þess að lækka eldsneytisverð á Íslandi telur Vegagerðin mun eðlilegra að þessir tveir liðir verði endurskoðaðir til lækkunar.

Virðingarfyllst,



Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri.

Fskj. 1 Tölur yfir eldsneyti fyrir landsamgöngur.

## Eldsneyti fyrir landsamgöngur - nokkrar tölur

Nokkrar grunntölur:		1.7.2005	16.2.2012	Hækkun í %
Bensínverð 95 oct	*)	114,10	256,60	124,9
Dísilolíuverð frá dælu	*)	114,00	264,50	132,0
VSK Bensín		22,45	52,14	132,2
VSK Dísil		22,43	53,74	139,6
Vörugjald almennt, bensín		9,28	24,46	163,6
Vörugjald sérstakt, bensín		32,95	39,51	19,9
Olíugjald		41,00	54,88	33,9
Kolefnisgjald		0,00	5,75	NA
*) Verð frá dælu með þjónustu án afsláttar				

### Byggingarvísitala:

Byggingarvísitala	313,40	566,20	80,7
-------------------	--------	--------	------

### Eldsneytissala og VSK:

	m.lítra	2005 verðl. VSK tekjur m.kr.	2012 VSK tekjur m.kr.	
Olíusala 2012 (áætluð):	123	2.759	6.610	139,6
Bensínsala 2012 (áætluð):	200	4.491	10.428	132,2
VSK alls		7.250	17.038	135,0

### Skatttekjur af eldsneyti til landsamgangna:

Áætlaðar tekjur 2012 (m.kr.)	Alls	þ.a. til Vega- gerðarinnar
Vörugjald af bensíni	4.900	0
Sérstakt vörugjald af bensíni	7.910	7.910
Olíugjald	6.750	6.750
Kolefnisgjald (af landssamg.) **)	1.860	350
VSK af bensíni og olíu	17.038	0
Samtals:	38.458	15.010

\*\*) Frá og með 2012 skal hluta af kolefnisgjaldi varið til almenningsamgangna á Höfuðborgarsvæðinu í gegnum Vegáætlun.

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/1603**  
**komudagur 22.3.2012**



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2012.

Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir til að lækka eldsnevtisverð (559. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að hlutaskrár fyrirtækja verði gerðar aðgengilegar öllum sem og skrár yfir eignarhluti í fyrirtækjum sem varðveittir eru á safnreikningum.*

Viðskiptaráð Íslands tekur undir mikilvægi þess að auka ráðstöfunartekjur einstaklinga í núverandi árferði og hefur um margra ára skeið bent á að skattalækkanir séu bestu kjarabætur heimila. Í þeim efnum þarf þó að stíga varlega til jarðar í ljósi bágrar stöðu ríkissjóðs. Langvarandi hallarekstur ríkissjóðs kemur niður á hagkerfinu í heild og því er það eitt mikilvægasta verkefni endurreisnarinnar að ná jöfnuði í ríkisfjármálum.

Þó er vel unnt að færa rök fyrir því að brýn þörf sé á heildarendurskoðun á umfangsmiklum skattahækkunum síðustu ára. Gjöld á bensín eru ágætt dæmi þar um. Má þar nefna að olúgjald hefur hækkað um rúm 30% frá árinu 2008, almennt bensíngjald hefur ríflega tvöfaldast og sérstakt bensíngjald hefur hækkað um 20%. Þá var svokallað steinolúgjald tekið upp um áramótin sem og kolefnisgjöld á bensín og olíu fyrir tveimur árum.<sup>1</sup> Á sama tíma hefur skattstofninn dregist saman milli ára en í nýjustu greiðsluafkomu ríkissjóðs segir að samdrátturinn milli áranna 2010 og 2011 hafi verið um 7% í tilviki bensíngjalds og rúm 2% í tilviki olíugjalds.<sup>2</sup>

Með einfaldara skattkerfi má aftur á móti auka umsvif í hagkerfinu og þar með hagvöxt sem svo aftur skilar sér bættum lífskjörum og í beinum tekjuauka fyrir ríkið. Jákvæð áhrif í þessa veru eru rædd í frumvarpinu og réttilega bent á að framundan sé mesti álagstími ferðaiðnaðarins.

Lækkun umræddra gjalda myndi væntanlega hafa talsverð þensluhvetjandi áhrif í för með sér samhliða aukningu í neyslu. Hagvöxtur síðustu missera hefur um of verið drifinn af aukinni neyslu sem jafnframt kyndir undir verðbólgu. Verði frumvarp þetta samþykkt er því einkar mikilvægt að ríkissjóður dragi frekar saman seglin til að vega uppá móti væntum þensluáhrifum og hugsanlegu tekjutapi vegna lægri gjalda.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson  
Aðstoðarframkvæmdastjóri

<sup>1</sup> Sjá [skattavfirlit](#) Viðskiptaráðs

<sup>2</sup> [Greiðsluafkoma ríkissjóðs](#) janúar-desember 2011